# Ársskýrsla

# 2024



Fimleikasamband Íslands



# Efnisyfirlit


1 *Formáli*

2 *Stjórn*

3 *Skrifstofa FSÍ*

4 *Icelandair*

5 *Málþing - Verndun barna*

6 *Hlíf kosin í ráðgjafaráð FIG og Ásta á top 10 lista íþróttafréttamanna*

7 *Thelma Aðalsteinsdóttir fjórfaldur Norður Evrópumeistari*

8 *Ný æfing í bókina*

9 *Norðurlandamót sem fer í sögubækurnar*

10 *Kvennalandslið Íslands Evrópumeistarar*

11 *Fræðsludagur, þjálfara- og dómaranámskeið og Golden Age hátíð*

12 *Innlend mót*

18 *Erlend verkefni*

22 *Útdráttur úr skýrslu landsliðsþjálfara*

23 *Uppskeruhátíð*

28 *Nefndir FSÍ*

30 *Þakkir*

31 *Ársreikningur samstæðu 2024*



Leiða








# Við erum



Afreka





Vaxa





# öll FSÍ

Marka

Efla





BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
Europcar

CRAFT

# Formáli



**Kæru félagar**

Vá vá vá! Þvílíkt gengi á liðnu fimleikaári 2024-2025. Árangurinn er svo stórkostlegur að ég verð að fara í gegnum hann í tímaröð til að gera öllum keppendum og titlum jafn hátt undir höfði.
Haustið byrjaði á ótrúlegu Norður-Evrópumóti í áhaldafimleikum þar sem við náðum besta árangri landsins frá upphafi. Thelma Aðalsteinsdóttir sá þar og sigraði með gulli á öllum fjórum áhöldum auk þess að ná silfri í fjölþraut og bronsi í liðakeppni. Að auki náðum við inn fjórum öðrum keppendum í úrslit, þeim Hildi Maju Guðmundsdóttur, Jóni Sigurði Gunnarssyni, Degi Kára Ólafssyni og Ágústi Inga Davíðssyni. Á heimsbikarmótinu í áhaldafimleikum í Ungverjalandi í byrjun október tefldum við fram tveimur keppendum, þeim Ágústi Inga og Degi Kára og náði Ágúst Ingi inn í úrslit á gólfi og tvíslá þar sem hann endaði í fjórða sæti í gólfæfingum.

Um miðjan október hófst síðan Evrópumót í hópfimleikum í Baku í Azerbaijan. Þangað sendum við unglingalandslið í öllum þremur flokkunum og tvö fullorðinslandslið, það er í kvennaflokki sem og blönduðum flokki. Öll fimm liðin okkar komust áfram í úrslit. Blandað lið unglinga gerði sér lítið fyrir og vann Evrópumeistaratitilinn. Stúlknaliðið náði bronsi og drengjaliðið fjórða sæti. Kvennaliðið var ekki tilbúið að gefa neitt eftir og landaði Evrópumeistaratitlinum, í fjórða sinn frá upphafi. Blandað lið fullorðinna náði síðan fimmta sæti. Þvílík keppni!

Á uppskeruhátíð FSÍ í desember var Thelma Aðalsteinsdóttir heiðruð sem fimleikakona ársins og Valgarð Reinhardsson sem fimleikakarl ársins. Lið ársins var valið kvennalandsliðið í hópfimleikum. Mikið eigum við mikið af mögnuðu og færu fimleikafólki.

Þennan veturinn var sú nýbreytni að halda bikarmótsveislu þar sem splæst var saman keppni í áhaldafimleikum og hópfimleikum. Var það haldið í Egilshöll í umsjá Fjölnis þar sem hægt var að keppa í báðum greinum samhliða með notkun beggja fimleikasala félagsins. Í hópfimleikum stóðu lið Stjörnunnar uppi sem sigurvegarar í fullorðinsflokki kvenna-, karla- og blandaðra liða en í áhaldafimleikum voru það lið Gerplu sem sigruðu bæði kvenna- og karlaflokk. Íslandsmeistarar urðu síðan Stjarnan í hópfimleikum og Thelma Aðalsteinsdóttir og Atli Snær Valgeirsson í áhaldafimleikum.

En þá að öðrum þáttum starfseminnar. Fimleikasambandið heldur áfram sérstöðu sinni með því að vera þriðja stærsta sérsamband landsins, stærsta innanhússgreinin sem og stærsta stúlknagreinin. Við höfum unnið hart að því að vera þátttakendur í umræðu um þjóðarhöll fyrir fimleika, í ljósi okkar stærðar og sérstöðu og það er gaman að segja frá því að sá draumur er ekki lengur fjarlægur heldur er farið að hylla undir slíka byggingu fyrir okkur.

Á síðasta ári gátum við sagt frá því gleðiefni að Olga Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Gerplu, hefði verið kjörin inn í framkvæmdastjórn ÍSÍ og gegnir nú starfi 2. varaforseta. Nú getum við hins vegar sagt frá því að hún hefur boðið sig fram í embætti forseta ÍSÍ, þar sem Lárus Blöndal hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér að nýju. Ég fagna því að fá jafn öflugan frambjóðanda og Olga er inn í baráttuna um forsetaembættið og óska henni velfarnaðar.

Það er gaman að vinna að framgangi íslenskra fimleika með ykkur kæra fimleikafólk.
Áfram við og áfram íslenskir fimleikar!

**Sigurbjörg Fjölnisdóttir, formaður FSÍ**

# Stjórn FSÍ

## *2024-2025*

### Sigurbjörg Fjölnisdóttir
Formaður

### Halldóra Guðvarðardóttir
Varaformaður

### Axel Þór Eysteinsson
Meðstjórnandi

### Marta Sigurjónsdóttir
Gjaldkeri

### Magnús H. Jónasson
Meðstjórnandi

### Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir
Ritari

### Ása Inga Þorsteinsdóttir
Meðstjórnandi

### Dýri Kristjánsson
Varamaður

### Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
Varamaður

# Skrifstofa FSÍ



**Sólveig Jónsdóttir**
Framkvæmdastjóri



**Edda Dögg Ingibergsdóttir**
Rekstrar- og mannauðsstjóri



**Eva Hrund Gunnarsdóttir**
Mótastjóri
áhaldafimleika



**Helga Svana Ólafsdóttir**
Fræðslustjóri



**Ingunn Jónasdóttir**
Fjármálastjóri - frá ágúst



**Ragnar Magnús Þorsteinsson**
Tímabundinn
fjármálastjóri til júlí



**Róbert Kristmannsson**
Landsliðsþjálfari



**Þórey Kristinsdóttir**
Afreksstjóri áhaldafimleika



**Íris Mist Magnúsdóttir**
Afreksstjóri hópfimleika



**Þorgeir Ívarsson**
Landsliðsþjálfari




*Fimleikasamband Íslands þakkar Icelandair fyrir stuðninginn á árinu 2024!*




# Málþing - Verndun barna

Málþing um verndun og velferð barna og afreksfólks í íþróttum fór fram 12.–13. apríl og hlaut góðar undirtektir.

Fjölbreyttur hópur úr íþróttahreyfingunni mætti til að ræða áskoranir og lausnir í þessum mikilvæga málaflokki.

Á föstudeginum flutti Tine Vertommen erindið Safeguarding in Sport: Bridging Research and Practice og Kristín Birna Ólafsdóttir fjallaði um hvað felst í öruggu íþróttastarfi.
Á laugardeginum voru fimm erindi og vinnustofa. Kristín Skjaldadóttir kynnti íslenskar verklagsreglur, Birta Björnsdóttir ræddi velferð barna í íþróttum, An De Kock hélt erindi og vinnustofu um viðbrögð við áreitni og ofbeldi (See something, do something!), Dr. Hafrún Kristjánsdóttir fjallaði um kynferðislega áreitni og andlega heilsu, og Paul Wylleman ræddi tengsl andlegrar heilsu, þroska og árangurs í afreksíþróttum.

Við sjáum möguleikana sem að búa í samstarfi þvert á íþróttahreyfinguna í landinu sem gera okkur að sterkari hreyfiafli til góðra verka. Ef samstarf okkar ber góðan ávöxt og iðkendur í íþróttahreyfingunni njóta góðs af, þá er mikið unnið og vonandi er málþing eins og þetta, upphafið að röð slíkra viðburða þar sem við getum sameinað krafta okkar og stefnt í sömu átt í þeim málaflokkum sem snerta okkur öll. Hjálpumst að við að skapa enn bjartari framtíð fyrir börnin okkar í íþróttum.

# Hlíf kosin í ráðgjafaráð FIG



Hlíf og móðir hennar Birna - mynd af fb síðu Hlífar

Hlíf Þorgeirsdóttir var kosin í ráðgjafaráð (Council) hjá Alþjóða fimleikasambandinu (FIG) á 85. þingi sambandsins sem fór fram í Doha í Qatar. Hlíf hlaut afgerandi kosningu og fékk flest atkvæði þeirra sem voru kosnir frá Evrópu en sjö meðlimir voru kosnir inn í ráðið frá Evrópu, fimm frá Asíu, fjórir frá Afríku og fjórir frá Ameríku.

Hlíf fetar nú í fótspor móður sinnar Birnu Björnsdóttur, sem átti sæti í FIG ráðinu á árunum 2008-2012.

Hlíf hefur undanfarin sjö ár verið formaður nefndar um Fimleika fyrir alla hjá Evrópska fimleikasambandinu en nú taka nýjir og spennandi tímar við hjá FIG.

# Ásta á top 10 lista íþróttafréttamanna

Ásta Kristinsdóttir, sem keppir með Stjörnunni, var lykilmaður í Evrópumeistaraliði Íslands í hópfimleikum og var valin í lið mótsins. Ásta hefur nú sigrað Evrópumótið með sínu liði tvisvar sinnum, auk þess var þetta í þriðja sinn sem hún var valin í lið mótsins.

Ásta vann einnig Face-off keppnina í Danmörku.

Með því að ná inn á topp 10 listann, skipar Ásta sér í sess fremstu fimleikamanna í sögu Íslands, eins og Thelmu Aðalsteinsdóttur, Sif Pálsdóttur, Írisi Mist Magnúsdóttur, Rúnari Alexanderssyni og Valgarð Reinhardssyni.






# Thelma Aðalsteinsdóttir

## Fjórfaldur Norður Evrópumeistari

### *Norður Evrópumót í áhaldafimleikum*

**Besti árangur Íslands frá upphafi. Dagur sem fer í sögubækurnar.**

Thelma Aðalsteinsdóttir er fjórfaldur Norður-Evrópumeistari. Hún gerði sér lítið fyrir og vann öll áhöld í úrslitum á einstökum áhöldum, en það er í fyrsta skipti sem sama konan vinnur öll fjögur áhöldin.

Thelma fór heim með gull, silfur og brons frá mótinu, en hún vann silfur í fjölþraut og brons í liðakeppninni.

# Ný æfing í bókina

**Thelma Aðalsteinsdóttir náði því markmiði sínu á Evrópumótinu í ár að fá æfingu nefnda eftir sér í dómarabók alþjóða fimleikasambandsins, FIG.**

Í áhaldafimleikum tíðkast það að sá sem framkvæmir æfingu fyrstur af öllum á stórmóti getur fengið æfinguna nefnda eftir sér ef æfingin er framkvæmd án mikilla framkvæmdagalla eða falls. Thelma hefur verið að æfa nýja æfingu á tvíslánni með það að markmiði að fá hana nefnda eftir sér í dómarabókina. Thelma náði að framkvæma nýju æfinguna á Evrópumótinu í ár.

Æfingin byggist á framhring í öfugu gripi tengt beint í framheljarstökk eða á fimleikamáli, Weiler hringur tengt í Comaneci framheljarstökk. Æfingin hefur **E gildi** í bókinni.



## “The Adalsteinsdottir”




8

# Norðurlandamót sem fer í sögubækurnar

**Öll lið Íslands í verðlaunasæti**

Íslensku konurnar unnu Norðurlandameistaratitil í liðakeppninni í Osló og Hildur Maja Guðmundsdóttir gerði sér lítið fyrir og vann Norðurlandatitlinn í fjölþraut. Thelma Aðalsteinsdóttir vann silfurverðlaun í fjölþraut en þetta er í fyrsta skipti í sögunni sem tvær íslenskar konur komast á pall í fjölþraut.

Ísland hefur ekki unnið Norðurlandatitil í fjölþraut síðan 2006 þegar að Sif Páls vann titilinn á heimavelli og skrifar Hildur Maja því nafn sitt í sögubækurnar með frábærri frammistöðu. En þetta er einnig í annað skiptið í sögunni sem liðið okkar vinnur liðakeppnina, en það var einnig á heimavelli árið 2016.

Íslenska liðið skipuðu; Freyja Hannesdóttir, Hildur Maja Guðmundsdóttir, Lilja Katrín Gunnarsdóttir, Margrét Lea Kristinsdóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir.

Karlalandsliðið átti einnig dag sem fer í sögubækurnar þar sem liðið vann bronsverðlaun, en Ísland hefur aldrei unnið til verðlauna í liðakeppni karla. Valgarð Reinhardsson átti besta árangur íslensku keppendanna og varð í 4. sæti í fjölþraut.

Íslenska liðið skipuðu: Atli Snær Valgeirsson, Ágúst Ingi Davíðsson, Dagur Kári Ólafsson, Martin Bjarni Guðmundsson og Valgarð Reinhardsson

Stúlknaliðið varð í 2. sæti og drengjaliðið í 3. sæti.





# Kvennalandslið Íslands
## Evrópumeistarar

### *Evrópumót í hópfimleikum*

Kvennalið Íslands sigraði á Evrópumóti í hópfimleikum 2024. Kvennaliðið mætti með trompi á fyrsta áhald og gerðu sér lítið fyrir og lentu öll stökkin og fengu 18.250 stig fyrir dýnuna, 0.650 hærra en sænska liðið sem var stærsti keppinautur þeirra.

Flugeldasýningin hélt áfram á trampolíninu, en gáfu þær ekkert eftir og lentu öll stökkin. Þær enduðu daginn á glæsilegum gólfæfingum þar sem þær hækkuðu sig um 0.650 stig frá undanúrslitum.

Kvennalið Íslands vann Evrópumeistaratitilinn síðast 2021 og þar áður 2010 og 2012. Baráttan um titilinn hefur verið á milli Svíþjóðar og Íslands um árabil.

Kvennaliðið vann bæði dýnuna og gólfæfingarnar og má segja að það hafi tryggt þeim sigurinn í dag. Svíar lentu í öðru sæti aðeins 0.450 stigum á eftir Íslandi og Noregur tók þriðja sætið.

Blandað lið unglinga gerði sér einnig lítið fyrir og sigraði í sínum flokki.

# Fræðsludagur og þjálfaranámskeið

Fræðsludagur Fimleiksambandsins er orðinn fastur liður hjá okkur á haustin. Mikil ánægja var með fyrirlestrana í ár og vonandi eitthvað sem þjálfarar geta nýtt sér í sinni þjálfun. Tæplega 100 þjálfarar mættu í Háskólann í Reykjavík og hlustuðu á þrjá fyrirlestra sem voru:

- *Hvað gerir samskiptaráðgjafi?, Kristín Skjaldardóttir.*
- *Ofþjálfun, Ingi Þór Einarsson.*
- *Samskipti milli ólíkra kynslóða, Anna Steinsen.*

Eins og undanfarin ár var einnig hægt að hlusta á fyrirlestrana í Canvas bæði á ensku og íslensku en um það bil 200 þjálfarar nýttu sér það.

Þjálfaranámskeið voru haldin í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Höfn. Auk þess voru móttökunámskeið og námskeið fyrir starfsfólk leikskólahópa. Flest námskeiðin voru ágætlega sótt og almenn ánægja með kennslu og fyrirkomulag.

# Frábær Golden Age hátíð

Dagana 22. – 27. september fór fram fimleikahátíðin Golden age í Burgas í Búlgaríu. Hátíðin er sýningarhátíð fyrir 50 ára og eldri og er haldin annað hvert ár á vegum Evrópska fimleikasambandsins.

Að þessu sinni fóru þrír hópar frá Íslandi eða samtals 50 manns. Hóparnir koma frá Kramhúsinu og Ármanni. Hver og einn hópur sýndi glæsileg atriði tvisvar sinnum yfir vikuna og tók þátt í „workshopum“ í hinum ýmsu íþróttum.





Augnablikið þegar að Stjarnan tryggði sér Bikarmeistaratitilinn

# Innlend mót

*Árið 2024 voru haldin 25 innlend mót á vegum Fimleikasambandsins*

Á mótum sambandsins voru 5.800 keppendur skráðir til keppni á árinu.

7.4% fjölgun keppenda á milli ára.
Vormót var fjölmennasta mót ársins en þar tóku 755 þátt.
679 keppendur tóku þátt á þrepamótum í áhaldafimleikum.

**#fyririsland**
**#fimleikarfyriralla**
**#islenskirfimleikar**

# Fjöldatölur innlend mót 2024

| Dags. | Mót | | Afturelding | Ármann | Björk | KA | Fjölnir | Fylkir | Gerpla | Grótta | Hamar | Höttur | ÍA | ÍR | Keflavík | Rán | Selfoss | Sindri | Stjarnan | Þór | | Mótshaldari: |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 27.jan | Þrepamót 1. - 3. þrep | ÁH | 0 | 21 | 10 | 10 | 12 | 6 | 39 | 18 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8 | 0 | 0 | 0 | 18 | 0 | 142 | Björk |
| 4.feb | Þrepamót 2 | ÁH | 0 | 18 | 29 | 9 | 42 | 29 | 28 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 | 0 | 0 | 0 | 31 | 0 | 19 | Fjölnir |
| 4.feb | GK mót í hópfimleikum (3. flokkur og kke), stökkfimi eldri og Mótaröð 2 | HÓP | 29 | 25 | 14 | 0 | 14 | 0 | 60 | 22 | 0 | 9 | 4 5 | 0 | 1 7 | 0 | 3 3 | 0 | 51 | 0 | 2 | Stjarnan |
| 9.feb | GK mót í hópfimleikum (4., 5. flokkur og kky) og stökkfimi yngri | HÓP | 92 | 60 | 10 | 14 | 35 | 4 | 107 | 21 | 1 | 5 4 | 86 | 6 4 | 5 7 | 3 | 96 | 0 17 | 81 | 17 | 747 | Ármann |
| 23.feb | Bikarmót í hópfimleikum og stökkfimi eldri | HÓP | 38 | 24 | 10 | 32 | 29 | 0 | 96 | 22 | 0 | 3 | 27 | 5 0 | 1 9 | 0 | 4 5 | 0 | 68 | 19 | 590 | Fjöln |
| 24.feb | Bikarmót í áhaldafimleikum | ÁH | 0 | 20 | 28 | 16 | 15 | 14 | 63 | 21 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 | 0 | 0 | 0 | 24 | 0 | 9 | ir |
| 15.ma | Íslandsmót í áhaldafimleikum | ÁH | 0 | 11 | 18 | 7 | 8 | 3 | 43 | 14 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 17 | 0 | 423 | Fjöln |
| r | Þrepamót 3 og Íslandsleikar SO | ÁH | 0 | 24 | 48 | 7 | 30 | 18 | 54 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 26 | 0 | 7 | Ármann |
| 20.apr | Vormót í hópfimleikum og stökkfimi yngri | HÓP | 88 | 44 | 18 | 17 | 32 | 0 | 115 | 39 | 1 | 9 4 | 85 | 8 8 | 5 2 | 4 | 45 | 5 14 | 75 | 29 | 214 | Gerpla |
| 3.maí | Hópfimleikamót (Kke, 2. og 3. flokkur), stökkfimi eldri og Mótaröð 3 | HÓP | 44 | 25 | 9 | 0 | 28 | 0 | 94 | 33 | 0 | 1 | 87 | 1 0 | 0 | 8 | 5 5 | 0 | 105 | 19 | 755 | Gerpla |
| 11.ma | GK mót í áhaldafimleikum | ÁH | 0 | 8 | 20 | 5 | 0 | 2 | 25 | 12 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 12 | 0 | 85 | Björk |
| í | Íslandsmót í hópfimleikum og stökkfimi eldri | HÓP | 40 | 23 | 20 | 16 | 30 | 0 | 90 | 34 | 0 | 3 | 17 | 2 0 | 9 | 9 | 5 8 | 0 | 93 | 19 | 544 | Grótta |
| 11.ma | Haustmót í áhaldafimleikum og haustleikar SO | ÁH | 0 | 29 | 24 | 3 | 18 | 15 | 64 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 14 | 0 | 171 | Fjölnir |
| í | Mótaröð 1 í hópfimleikum | HÓP | 12 | 12 | 0 | 0 | 12 | 0 | 28 | 11 | 0 | 0 | 2 | 0 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 38 | 0 | 133 | Gerpla |
| 24.ma | Þrepamót 1 | ÁH | 0 | 25 | 19 | 0 | 17 | 12 | 36 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 19 | 0 | 131 | Björk |
| í | Haustmót í hópfimleikum (mfl., 1. - 3. flokkur) og stökkfimi eldri | HÓP | 26 | 48 | 18 | 16 | 31 | 0 | 67 | 32 | 0 | 3 | 95 | 6 0 | 2 7 | 2 | 14 | 0 0 | 61 | 20 | 502 | Fjölnir |
| 19.okt | Haustmót í hópfimleikum (4. flokkur, Kky og Kke) og stökkfimi yngri | HÓP | 64 | 27 | 5 | 16 | 27 | 0 | 68 | 44 | 0 | 41 | 47 | 0 | 46 | 17 | 46 | 0 | 69 | 0 | 517 | Selfoss |
| 2.nóv | | 17 | | | | | | | | 323 | | | 510 | | | | 392 | | | 123 | | |
| 2.nóv | Samanlagt per félag: | | 433 | 444 | 300 | 168 | 380 | 103 | 1.077 | 6% | 34 | 266 | 9% | 12 | 264 | 138 | 7% | 31 | 802 | 2% | 5.800 | |
| 16.nó | Hlutfall per félag: | | 7% | 8% | 5% | 3% | 7% | 2% | 19% | 8 | 1% | 5% | 3 | 0% | 5% | 2% | 6 | 1% | 14% | 14 | | |
| v | | | 5 | 4 | 9 | 12 | 7 | 15 | 1 | 236 | 16 | 10 | 465 | 18 | 11 | 13 | 359 | 17 | 2 | | | |
| 23.nó | HÓP | 9 | 404 | 263 | 90 | 111 | 224 | 4 | 665 | 6% | 34 | 257 | 11% | 12 | 210 | 138 | 9% | 31 | 590 | 123 | 4.216 | |
| v | Hlutfall per félag: | | 10% | 6% | 2% | 3% | 5% | 0% | 16% | 8 | 1% | 6% | 3 | 0% | 5% | 3% | 5 | 1% | 14% | 3% | | |
| | | | 4 | 6 | 14 | 13 | 9 | 18 | 1 | 47 | 15 | 7 | 0 | 17 | 10 | 11 | 0 | 16 | 2 | 12 | | |
| | ÁH | 8 | 0 | 117 | 157 | 38 | 88 | 64 | 285 | 5% | 0 | 0 | 0% | 0 | 23 | 0 | 0% | 0 | 112 | 0 | 931 | |
| | Hlutfall per félag: | | 0% | 13% | 17% | 4% | 9% | 7% | 31% | 7 | 0% | 0% | 10 | 0% | 2% | 0% | 10 | 0% | 12% | 0% | | |
| | | | 10 | 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | | 10 | 10 | | 10 | 9 | 10 | | 10 | 4 | 10 | | |

| | | |
|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 3.874 | 67% |
| Landsbyggðin | 1.926 | 33% |

# Íslandsmót 2024

## Íslandsmót í áhaldafimleikum

Valgarð, Gerplu, vann öruggan sigur í karlaflokki á Íslandsmóti í áhaldafimleikum á árinu, sá áttundi í safnið. Thelma, Gerplu, bar sigur úr býtum í kvennaflokki, þriðja árið í röð. Silfrið tóku systkinin Martin Bjarni Guðmundsson og Hildur Maja Guðmundsdóttir, bæði úr Gerplu, og í því þriðja voru Margrét Lea Kristinsdóttir, Stjörnunni og Dagur Kári Ólafsson, Gerplu. Íslandmótið var haldið í Ármanni, Laugardalnum.

## Íslandsmeistarar unglinga

### *Unglingaflokkur karla*

1. sæti – Lúkas Ari Ragnarsson - Björk
2. sæti – Sólon Sverrisson - FIMAK
3. sæti – Kári Pálmason - Gerplu

### *Unglingaflokkur kvenna*

1. sæti - Sigurrós Ásta Þórisdóttir - Stjarnan
2. sæti - Kristjana Ósk Ólafsdóttir - Gerpla
3. sæti - Auður A. Þorbjarnardóttir - Grótta



# Íslandsmót í hópfimleikum

Íslandsmót í hópfimleikum var haldið í Gróttu, Seltjarnarnesi. Í kvennaflokki var það lið Stjörnunnar sem stóð uppi sem sigurvegari samanlagt og á öllum áhöldum. Í keppni blandaðraliða var það lið Gerplu sem sigraði.

## Íslandsmeistarar unglinga

### 1. *flokkur kvenna*

1.sæti – Selfoss
2.sæti - Stjarnan
3.sæti - Gerpla

### 1. *flokkur blandaðra liða*

1.sæti – Stjarnan
2.sæti - Afturelding









# Íslandsleikar Special Olympics

Íslandsleikar Special Olympics fóru fram í Versölum, Gerplu í aprílmánuði. Keppendur stóðu sig frábærlega og var það augljóst að þau hafa lagt hart að sér í undirbúningnum.

### *Level 1 kvk*

1. Bylgja Björt Axelsdóttir

### *Level 1, eldri kk*

1. Jóhann Fannar Kristjánsson

### *Level 1, yngri kk*

1. Nökkvi Óskarsson
2. Jón Árni Örvarsson
3. Hrafnkell Þórhallsson

### *Level 2 kvk*

1. Elva Björg Gunnarsdóttir
2. Katrín Ling Yu Þórbergsdóttir

### *Level 2 eldri kk*

1. Birkir Eiðsson
2. Helgi Magnússon

### *Level 2 yngri kk*

1. Hilmir Sveinsson
2. Kristján Kári Daðason
3. Viktor Skúli Ólafsson

### *Level 3, eldri kk*

1. Magnús Orri Arnarson
2. Tómas Örn Rúnarsson

### *Level C, eldri kk*

1. Ólafur Sturla Yngvason
2. Hringur Úlfarsson

### *9 ára*

1. Arnúlfur Berk Melson
2. Eyjólfur Gunnlaugsson
3. Benedikt Ágústsson





# Bikarmót 2024

Bikarmót í áhalda- og hópfimleikum var haldið samhliða á árinu. Fór fram sannkölluð fimleikaveisla í Fjölni, Egilshöll í febrúarmánuði. Mótið var allt hið glæsilegasta og sýndi RÚV frá meistaraflokkshlutunum, það var þá í fyrsta skiptið sem að bikarmótið í áhaldafimleikum var sýnt í sjónvarpinu.

## Bikarmót í áhaldafimleikum

Fimm kvennalið og fjögur karlalið mættu til keppni. Kvenna- og karlalið Gerplu 1 stóðu uppi sem sigurvegarar á sannfærandi hátt. Í karaflokki landaði Fimleikafélagið Björk öðru sætinu og Gerpla 2 þriðja sætinu. Kvennalið Störnunnar héldu silfrinu frá því í fyrra og lið Gróttu sótti sér brons.

## Bikarmót í hópfimleikum

Í ár voru það þrjú kvennalið sem mættu til keppni og freystuðu þess að vinna Bikarmeistaratitilinn, lið Gerplu átti titil að verja. Keppnin var hörð og spennandi en að lokum voru það Stjörnukonur sem endurheimtu Bikarmeistaratitilinn. Lið Gerplu varð að sætta sig við silfrið og ÍA konur brons.



















# Erlend verkefni

# Evrópumót í hópfimleikum




Evrópumót í hópfimleikum var haldið hátíðlega í Baku, Azerbaijan seint á árinu. Ísland sendi fimm lið til keppni, tvö A lið og þrjú U18 lið. Öll lið Íslands kepptu til úrslita.

Kvennalið Íslands varð Evrópumeistari og sigruðu Svía sem hafa verið okkar helstu keppinautar. Blandað lið Íslands steig á gólf á eftir kvennaliðinu og þrátt fyrir hnökra tryggðu þau sér fimmta sætið.

Unglingalandslið Íslands í blönduðum flokki sló í gegn á Evrópumótinu og tryggði sér gullverðlaun með frábærri frammistöðu. Þetta er sögulegur árangur, þar sem Ísland hefur aldrei áður unnið Evrópumeistaratitil í blönduðum flokki U18.

Stúlknalið Íslands hafnaði í þriðja sæti á eftir Danmörku og Svíþjóð. Keppnin í stúlknaflokki var hörð, en íslensku stúlkurnar héldu ró sinni þrátt fyrir hnökra á stökkáhöldum og tryggðu sér verðskuldað brons.
Drengjalið Íslands endaði í 4. sæti eftir góðar æfingar og baráttu í úrslitum. En liðið hækkaði sig um sæti milli daga.



# Norðurlandamót unglinga í hópfimleikum

Fjögur lið frá Íslandi tóku þátt á Norðurlandamóti unglinga í hópfimleikum sem haldið var í Lund í Svíþjóð 20. apríl. Ísland átti tvö lið í blönduðum flokki, frá Gerplu og Stjörnunni, og tvö lið í stúlknaflokki, frá Selfossi og Gerplu.

Sögulegur árangur náðist þegar Stjarnan sigraði Norðurlandamótið í blönduðum flokki og varð þar með fyrsta íslenska liðið til að vinna gull í þeim flokki.

Liðið sýndi glæsilega takta á áhöldunum, sigraði tvö af þremur áhöldum með öflugum stökkum og nákvæmum lendingum og hafnaði í öðru sæti á gólfi. Frammistaðan var til fyrirmyndar og sigurinn vel verðskuldaður.

Í stúlknaflokki mættu til leiks Gerpla og Selfoss. Gerpluliðið mætti yfirvegað og öruggt til leiks, lenti stökkin sín og geislaði á gólfinu sem að skilaði þeim öðru sæti.

Blandað lið Gerplu og stúlknalið Selfoss kepptu einnig á mótinu og sóttu sér dýrmæta reynslu. Liðin stóðu sig með eindæmum vel og voru sjálfum sér, félagi og landi til sóma.

Árangur íslensku liðanna á mótinu er til marks um mikla framþróun í íslenskum hópfimleikum og framtíðin virðist björt fyrir þessa efnilegu iðkendur.





# Áhaldafimleikaárið 2024
## – Metár í íslenskri fimleikasögu

Áhaldafimleikaárið 2024 fer sannarlega í sögubækurnar. Það var viðburðaríkt og íslensku landsliðin náðu árangri sem aldrei fyrr. Það sem hæst ber að nefna er fjórfaldur Norður-Evrópumeistaratitill Thelmu Aðalsteinsdóttur, sem og Norðurlandameistaratitill Hildar Maju Guðmundsdóttur í fjölþraut.

Ísland sendi keppendur á fimm heimsbikarmót og á þremur þeirra keppti íslenskt fimleikafólk til úrslita. Ágúst Ingi Davíðsson komst í úrslit á gólfi og tvíslá í Ungverjalandi, Thelma keppti í úrslitum á slá og gólfi í Búlgaríu og á stökki í Slóveníu. Hildur Maja tók einnig þátt í úrslitum í Slóveníu á slá og gólfi, auk þess sem hún komst í úrslit á gólfi í Búlgaríu.

Á Norðurlandamótinu náðu íslensku landsliðin sögulegum árangri þegar öll liðin komust á verðlaunapall. Þetta var í fyrsta skipti sem karlalandsliðið vann til bronsverðlauna á Norðurlandamóti, að auki þá sigraði kvennaliðið liðakeppnina. Hildur Maja tryggði sér Norðurlandameistaratitilinn í fjölþraut og Thelma hlaut silfurverðlaun í fjölþraut – eins og áður kom fram, þá var það í fyrsta skipti í sögunni sem tvær íslenskar konur komast á pall í fjölþraut. Úrslitakeppnin var ekki síðri, þegar íslenskt fimleikafólk tryggði sé fjölda verðlauna með frábærum árangri. Hildur Maja vann gullverðlaun á slá og stökki og bætti við silfri á gólfi, á eftir stöllu sinni Thelmu. Valgarð Reinhardsson vann gull á gólfi, silfur á svifrá og brons á tvíslá. Martin Bjarni Guðmundsson vann silfur á stökki, eftir að hafa verið varamaður inn í úrslit. Unglingalandsliðin áttu einnig glæsilegan dag og bættu við verðlaunum í safnið.

Á Norður-Evrópumótinu hélt frábært gengi áfram. Thelma vann silfur í fjölþraut og kvennalandsliðið brons. En kirsuberið á toppinn kom á sunnudeginum þegar Thelma sigraði á öllum fjórum áhöldunum – árangur sem er sá besti sem Ísland hefur náð á Norður-Evrópumóti til þessa. Hildur Maja, Dagur Kári, Jón Sigurður og Ágúst Ingi kepptu einnig til úrslita með miklum glæsibrag.

Í vor kepptu fjögur landslið Íslands á Evrópumeistaramótinu og náðu öll góðum árangri. Sérstaklega vakti athygli árangur karlalandsliðsins sem endaði í 19. sæti – þeirra besti árangur til þessa. Þá framkvæmdi Thelma nýja æfingu sem nú hefur verið skráð í dómarabækurnar undir heitinu „Adalsteinsdottir". Dagur Kári var hársbreidd frá úrslitasæti á bogahesti eftir stórglæsilegar æfingar, hafnaði hann í 14. sæti.





**Hrefna Ingibjörg Hákonardóttir**
Yfirþjálfari hópfimleika

**Björn Björnsson**
Yfirþjálfari hópfimleika

“Árið 2024 var einkar árangursríkt fyrir hópfimleikalandslið Íslands. Ísland sendi fimm lið til keppni á Evrópumóti í Bakú og uppskar tvo Evrópumeistaratitla. Kvennalið Íslands bar sigur úr býtum í fjórða sinn og blandað lið unglinga sigraði fyrir Íslands hönd í fyrsta skipti. “ - Hrefna og Björn



**Ferenc Kováts**
Landsliðsþjálfari kvenna



**Þorgeir Ívarsson**
Landsliðsþjálfari unglinga

2024 var mikið uppskeruár fyrir áhaldafimleika kvenna þar sem helst má nefna: 5 Norðurlandameistaratitla, Evrópumót þar sem Thelma skrifaði sig í sögubækur og í dómarabókina og Norður Evrópumót sem mun aldrei gleymast, og svo miklu meira.
- Þorgeir

“Stöðugur vöxtur er í áhaldafimleikum karla, það er komin meiri breidd í hópinn, erfiðleiki æfinga er kominn á heimsmælikvarða og möguleikarnir á að komast í fjölþrautar úrslit og aftur á einstaka áhöldum á Evrópumóti orðnir mjög miklir. Vorum grátlega nálægt því á EM í ár þegar Dagur Kári endaði í 14 sæti á bogahest með glæsilegar æfingar en það vantaði smá uppá til að vera í topp 8 og við eigum það inni."- Róbert



**Róbert Kristmannsson**
Landsliðsþjálfari karla



**Hróbjartur Pálmar Hilmarsson**
Landsliðsþjálfari unglinga

# Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð Fimleikasambandsins fór fram 27. nóvember þar sem árangri ársins 2024 var fagnað. Landsliðsfólk, þjálfarar og aðrir fimleikaunnendur áttu saman góða kvöldstund. Fimleikafólk ársins var heiðrað, nýr heiðursfélagi bættist í hópinn auk annarra verðlauna eins og sjá má hér að neðan.

**Uppskeruhátíðin var ein sú glæsilegasta og var hún styrkt af Arion Banka.**

Takk kærlega fyrir aðstoðina

# Lið ársins

Lið ársins 2024 er kvennalandslið Íslands í hópfimleikum sem gerðu sér lítið fyrir og urðu Evrópumeistarar í fjórða sinn. Stelpurnar unnu bæði dýnu og gólfæfingar sem tryggði þeim sigurinn. Liðið var blanda af reynslumiklum fimleikakonum og ungum og upprennandi stúlkum sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni. Mikil samheldni var í liðinu og var það áberandi hversu þéttur og hvetjandi hópurinn var.

**Liðið skipuðu þær:** Andrea Hansen, Andrea Sif Pétursdóttir, Ásta Kristinsdóttir, Bryndís Guðnadóttir, Guðrún Edda Sigurðardóttir, Halla Sóley Jónasdóttir, Helena Clausen Heiðmundsdóttir, Ingunn Ragnarsdóttir, Karolína Helga Jóhannsdóttir, Laufey Ingadóttir, Tinna Ólafsdóttir og Tinna Sif Teitsdóttir



# Afrek ársins

**Andrea Sif Pétursdóttir**

Andrea Sif hefur keppt á samtals átta Evrópumótum í hópfimleikum, tveimur í unglingaflokki og sex í fullorðins flokki, fyrst kvenna. Andrea Sif hefur keppt á öllum Evrópumótum síðan árið 2010. Ekki nóg með það heldur hefur hún unnið til verðlauna á þeim öllum, brons og gull í unglinga flokki en í fullorðinsflokki fern silfurverðlaun og tvö gullverðlaun. Síðastliðin ár hefur Andrea Sif verið fyrirliði kvennaliðsins og lykilkona í liðinu, hún hvetur liðfélaga sína til dáða og er frábær fyrirmynd fyrir liðsfélaga sína og upprennandi hópfimleikastúlkur.



# Fimleikakona ársins



**Thelma Aðalsteinsdóttir**

Fimleikakona ársins 2024 er Thelma Aðalsteinsdóttir. Árangur Thelmu á árinu hefur verið stórglæsilegur þar sem hæst ber að nefna Norður Evrópumóts titla á öllum áhöldum auk þess sem Thelma varð í 2.sæti í fjölþraut og kvennaliðið í 3.sæti í liðakeppninni. Thelma er Íslandsmeistari í fjölþraut og á stökki, slá og gólfi, auk þess að vera bikarmeistari með félagsliði sínu, Gerplu.

Thelma var fastakona í landsliði Íslands á árinu. Með liðinu varð hún Norðurlandameistari ásamt því að sigra í gólfæfingum.

Á Evrópumótinu framkvæmdi Thelma nýja æfingu á tvíslánni sem er komin í dómarabókina og nefnd “Aðalsteinsdóttir” eftir henni.

Thelma keppti einnig á tveimur heimsbikarmótum þar sem hún komst í úrslit á slá, gólfi og stökki.

# Fimleikakarl ársins

**Valgarð Reinhardsson**

Fimleikakarl ársins 2024 er Valgarð Reinhardsson. Valgarð er okkar fremsti fjölþrautarkeppandi í áhaldafimleikum karla, hann er nú áttfaldur Íslandsmeistari auk þess að vera margfaldur bikarmeistari með félagsliði sínu Gerplu.

Valgarð var lykilmaður í landsliði Íslands á árinu á þeim mótum sem hann keppti. Þar má helst til telja Evrópumót, Norðurlandamót og heimsbikarmót. Á Norðurlandamóti varð tímamótaárangur þegar karlaliðið tryggði sér 3.sætið ásamt því að Valgarð varð norðulandameistari á gólfi.





